

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, landshöfðingjaritari Jón Jónsson, á að greiða í sekt til landssjóðs 10 krónur, og sje hún ekki greidd í ákveðinn tíma, komi í stað hennar 3 daga einfalt fangelsi. Í málskostnað fyrir báðum rjettum greiði áfrýjandi stefnda 35 kr. Að öðru leyti skal dómi bæjarþingsins í þessu máli óraskað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. febrúarmán.

Nr. 19/1879:

Guðmundur Bjarnason
gegn

Halldóri Jónssyni.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 2. septembermán. f. á., hefur Guðmundur Bjarnason áfrýjað til yfirdómsins fógetagjörð, er framin var af fógetarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 19. júlímán. næst á undan, en með tjeðri fógetagjörð var áfrýjandinn borinn út úr bænum Vegamótum eptir kröfu hins stefnda Halldórs Jónssonar, sem hafði keypt bæinn á opinberu uppboðsþingi. Hefur áfrýjandinn í fyrsta lagi krafizt þess, að hin áfrýjaða fógetagjörð verði dæmd ómerk með eða án heimvísunar, eða að henni verði hrundið og breytt þannig, að krafa hins stefnda um, að hún færi fram, verði ekki tekin til greina, og í annan stað, að hinn stefndi verði dæmd-til að greiða áfrýjandanum skaðabætur eptir óvilhallra manna mati, minnst 100 kr., og enn fremur allan af máli þessu í hjeradi og fyrir yfirdóminum löglega leiðandi kostnað. Hinn stefndi hefur aptur á móti hvorki

mætt nje mæta látið fyrir yfirdóminum í máli þessu, og ber því að dæma það eptir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum.

Áfrýjandinn hefur byggt kröfu sína um ógilding hinnar áfrýjuðu fúgetagjörðar á því, að það sjáist á rjettargjörðunum, bæði að hinn stefndi hafi ekki haft nægilegt eignar eða ábúðartilkall að hinum umrædda bæ, og að áfrýjandanum hafi ekki verið byggt út úr honum. Að því er snertir hið fyrra atriðið, eignarheimild hins stefnda til bæjarins, þá bera fúgetagjörðirnar með sjer, að hann hafi orðið hæstbjóðandi að bænum á opinberu uppboði, er framfór 9. júnímán. f. á., og þar sem áfrýjandinn fer því fram, að skiptarjetturinn ekki hafi verið búinn að samþykkja boð hins stefnda þegar útburðargjörðin fór fram, er hann byggir á því, að sá 14 daga frestur, er skiptarjettinum var áskilinn í uppboðsskilmálunum til að afráða, hvort hann vildi samþykkja boðið eða ekki, hafi ekki verið liðinn þegar áfrýjandinn var borinn út, þá var það hvorttveggja, að skiptarjettinum var heimilt að samþykkja hið hæsta boð í bæinn hversu fljótt sem hann vildi áður en nefndur 14 daga frestur var útrunninn, enda er það allveg ranghermt af áfrýjandanum, að frestur þessi hafi ekki verið liðinn þegar útburðargjörðin fór fram, því að samkvæmt fúgetarjettargjörðunum fór uppboðið fram 9. júní f. á., en útburðargjörðin ekki fyr en 10. júlí næst áeptir, eða nærfeilt 6 vikum seinna, svo að rjettargjörðirnar einmitt sýna, að optnefndur frestur var fyrir löngu liðinn, og að boðið því hlýtur að hafa verið samþykkt.

Með því að hinn stefndi þannig hefur keypt hinn umtalaða bæ á opinberu uppboði, sem ekkert er fram komið um, að síðar hafi verið raskað, og með því að honum í uppboðsskilmálunum er veitt heimild til að flytja

í bæinn mánuði eptir uppboðið, þá eru mótmæli áfrýjandans gegn lögmati eignar- og ábúðar tilkalls hins stefnda til bæjarins ekki á rökum byggð.

Hið sama er að segja um þá mótbáru áfrýjandans, að af fúgetagjörðunum sjáist, að honum hafi ekki verið byggt út, því að í fúgetagjörðunum segir einmitt með berum orðum, að hlutadeigandi yfirvald hafi fyrir löngu verið búið að gjöra áfrýjandanum aðvart um, að hann yrði að vera fluttur úr bænum fyrir 9. júlímán. f. á. eða 10 dögum áður en útburðargjörðin fór fram.

Samkvæmt því sem að framan er sagt verða mótbárur áfrýjandans gegn lögmati hinnar áfrýjðu fúgetagjörðar ekki teknar til greina, og ber því að staðfesta fúgetagjörðina, og eptir þessum úrslitum og þar sem hinn stefndi ekki hefur mætt fyrir yfirdóminum, hlýtur málskostnaður fyrir honum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjða fúgetagjörð á óröskuð að standa.
Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Mánudaginn 9. febrúarmán.

Nr. 31/1879.

Hið opinbera
gegn

Jóni faktor Steffensen.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp á lögregluþingi Reykjavík-urkaupstaðar 31. okt. f. á., er Jón Steffensen, verzlunarstjóri hjer í bænum, dæmdur fyrir óhlýðni gegn yfirvaldskipun í 6 króna sekt til lögreglusjóðs nefnds kaupstaðar, en þeim dómi er eptir ósk hins kærða skotið til yfirdómsins.

Tilfnið til máls þessa er það, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafði með auglýsingu 30. sept. f. á. bann-